



ÁRSSKÝRSLA 2006



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

EFNISYFIRLIT

Hlutverk og staða FSR.....	3
Þróun gæðastjórnunar	4
Verkefni ársins 2006	5
Forsætisráðuneyti	5
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5
Félagsmálaráðuneyti	6
Fjármálaráðuneyti	6
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	7
Iðnaðarráðuneyti	11
Landbúnaðarráðuneyti.....	11
Menntamálaráðuneytið	12
Samgönguráðuneyti.....	15
Umhverfisráðuneyti.....	15
Utanríkisráðuneyti.....	16
Alþingi	17
Samstarf og þróun	18
Rekstur og starfsfólk.....	21
Ársreikningur 2006	

Ársskýrsla 2006.

Útg.: Framkvæmdasýsla ríkisins. September 2007.

Vinnsla forsíðu: Stafræna hugmyndasmiðjan ehf.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Ábyrgðarmaður: Óskar Valdimarsson

Hlutverk og staða FSR

Framkvæmdasýsla ríkisins heyrir undir fjármálaráðuneytið. Forstjóri sér um að marka stefnu stofnunarinnar og hefur með höndum yfirstjórn, samskipti við ráðuneyti og situr í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir.

Forstjóri Framkvæmdasýslunnar er Óskar Valdimarsson verkfræðingur, aðstoðarforstjóri er Þráinn Sigurðsson tæknifræðingur og skrifstofustjóri er Anna Braguina viðskiptafræðingur, í fjarveru Helgu Livar Óttarsdóttur viðskiptafræðings sem er í fæðingarorlofi.

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. Stofnunin selur þjónustu sína innan ríkisgeirans samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra staðfestir í upphafi hvers árs.

Framkvæmdasýslan fer samkvæmt lögum með yfirstjórn hins verklega þáttar framkvæmda á vegum ríkisins. Þetta á þó ekki við um framkvæmdir á vegum Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar, Flugstoða ehf. og RARIK, en þessir aðilar sjá sjálfir um framkvæmdir á sínum sérsviðum.

Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er að langstærstum hluta fjármögnuð með sértekjum, sem skráðar eru sem umsjónar- og eftirlitskostnaður á þau verkefni sem unnið er við hverju sinni og skiptist í veltutengda grunnþóknun annars vegar og útselda tíma vegna vinnu starfsmanna hins vegar.

Framlag á fjárlögum til FSR árið 2006 var 2,7 milljónir króna en sú fjárhæð er hugsuð sem endurgjald fyrir þjónustu sem FSR veitir fjármálaráðuneytinu. Þessi fjárhæð hefur staðið óbreytt í krónutölu um nokkurra ára skeið.



Fyrirkomulag í byggingum Háskóla Íslands Háskólatorgi I og II, grunnmynd 1. hæðar.

Þróun gæðastjórnunar

Í samþykktri gæðastjórnunarstefnu Framkvæmdasýslu ríkisins er lögð áhersla á að stofnunin vinni að bættu verklagi við framkvæmdir á vegum ríkisins og stuðli að því að ávallt sé gætt hagkvæmni, jafnræðis og faglegra vinnubragða. Einnig kemur þar fram að stofnunin þurfi að innleiða gæðastjórnunarkerfi sem byggir á alþjóðastaðlinum ISO 9001:2000 (staðall International Standardization Organization). Kerfið þarf fyrst og fremst að vera einfalt og skilvirkt til að auðvelda starfsfólki FSR að uppfylla þarfir og væntingar viðskiptavina á virkan og hagkvæman hátt. Stefnt er að vottun kerfisins.

Í framhaldi af útgáfu á gæðastjórnunarstefnu var keypt aðstoð frá utanaðkomandi ráðgjöfum til að skipuleggja og setja upp gæðastjórnunarkerfið. Allir starfsmenn stofnunarinnar tóku þó einnig þátt í almennt greiningarvinnu og síðan endurskoðun og uppbyggingu verkferla, hver á sínu sviði.

Í febrúar 2003 var gæðastjórnunarkerfi Framkvæmdasýslunnar tekið í notkun með formlegum hætti, sem svokallaður "Gæðabrunnur", og var eingöngu til á rafrænu formi. Það var Hugvit ehf. sem vann þann hugbúnað og efnisskipan hans en starfsmenn Framkvæmdasýslunnar komu mikið að vinnslu efnisins. Kerfið hefur þó ávallt verið í stöðugri þróun eftir það.

Árið 2006 var unnið markvisst að því að taka upp nýtt kerfi, svokallaða "Rekstrarhandbók", til að leysa af hólmi "Gæðabrunninn". Tilgangurinn með "Rekstrarhandbókinni" var að flétta saman áhersluatriðum árangurstjórnunar og gæðastjórnunar og gera gæðastjórnunarkerfið aðgengilegra og einfaldara fyrir starfsfólkið.

"Rekstrarhandbókin" var síðan tekin formlega í notkun í lok 2006 og í henni er að finna allar þær verklagsreglur, vinnuleiðbeiningar og stöðluð form sem starfsmönnum ber að vinna eftir. Meginkaflar Rekstrarhandbókarinnar eru eftirfarandi:

- Rekstur FSR, flokkaður niður í "víddir" starfseminnar: þjónustu, fjármál, innra starf, starfsmenn og frumkvæði.
- Framkvæmdir, sem skipt er í fjögur stig framkvæmda: frumathugun, áætlunargerð, verklega framkvæmd og skilamat.
- Markmið og mælikvarðar, þar sem meðal annars eru skorkort og stefnukort. Þessi kafli er flokkaður niður í víddirnar fimm.

Notkun skorkorts var hafin árið 2005 og síðan haldið áfram árið 2006. Umfjöllun um niðurstöður úr árangursmælingum kemur fram í árangurskýrslum stofnunarinnar.

Dæmi um síðu í Rekstrarhandbók FSR.



The screenshot displays the FSR Rekstrarhandbók website. The header includes the FSR logo and the title 'Rekstrarhandbók FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS'. There are search and filter options in the top right. The main navigation area has three tabs: 'Rekstur FSR', 'Framkvæmdir', and 'Markmið og mælikvarðar'. Under the 'Framkvæmdir' tab, there are three sub-tabs: 'Verklagsreglur', 'Leiðbeiningar', and 'Stöðluð form'. A sidebar on the left contains a menu with items like 'Forsíða', 'Leiðarvísir', 'Yfirlit yfir starfsemi FSR', 'Frumathugun', 'Áætlunargerð', 'Verklegr framkvæmd', 'Skilamat', 'Rýni', 'Umsjón', and 'Inni úttektir'. The main content area shows a description of the handbook and a table with the following data:

Skjal	Heiti	Dags.	Útgáfunr.	Staðsetning
LB-010	Umsjón með verksamngi	28.8.2007	02	Verklegr framkvæmd - Leiðbeiningar

Verkefni ársins 2006

Hér verður stiklað á stóru og rakin helstu verkefni á vegum FSR fyrir hvert ráðuneyti sem voru í framkvæmd á árinu og eftir atvikum nefnd verkefni sem eru í undirbúningi.

Forsætisráðuneyti


Á árinu 2006 lauk lagfæringum á hljóðvist í Þjóðmenningarhúsi og unnið var að áætlunargerð vegna utanhússviðgerða og málunar á húsinu. Hafin var frumathugun á húsnæðismálum forsætisráðuneytis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2006 fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið var umsjón framkvæmda við húsnæði sýslumannsins á Eskifirði og undirbúningur framkvæmda við fangelsi. Endurskoðuð frumathugun vegna húsnæðismála fangelsa byggðist á ákvörðun um aukna nýtingu og endurbætur fangelsa og frestun nýs fangelsis. Var á árinu 2006 unnið að hönnun endurbóta, breytinga og viðbygginga við núverandi fangelsi.

Sýsluskrifstofur og lögreglustöð á Eskifirði, viðbygging og endurbætur

Unnið var að áætlunargerð vegna þessa verkefnis á árinu 2006. Um er að ræða viðbyggingu, um 170 fermetra, og endurbætur á húsi sýslumannsins á Eskifirði þar sem eru sýsluskrifstofur og lögreglustöð. Ráðgjafar við verkið voru Helgi Hafliðason, arkitekt, Verkfræðistofan Hönnun hf. hannaði burðarþol og lagnir og Raffhönnun hf. raflagnir. Framkvæmdir voru boðnar út í lok nóvember 2006. Tekið var tilboði Byggðarholts ehf. 15. desember 2006.




Sýsluskrifstofur Eskifirði, útlitsteikning.

Fangelsi Kvíabryggju, stækkun og breytingar

Gert er ráð fyrir fjölgun fangaplássna í aðal húsi um sex og verða þau þá alls 20. Varðstofa verður flutt og endurbætt, breytingar gerðar á borðsal, setustofu, bað- og snyrtiaðstöðu, starfsmannaaðstöðu, skrifstofum, tölvu- og fönðurherbergi, anddyrum, viðtalsherbergi og símarýmum. Íbúðarhúsi forstöðumanns verður breytt í skrifstofur, kennslurými og fundaraðstöðu. Þá verður sett upp götulyking á milli fangelsisbyggingar og skrifstofuhúss. Heildarkostnaðaráætlun FSR er 44,6 m.kr. á verðlagi í nóvember 2006.


Framkvæmdir voru auglýstar til útboðs í nóvember og tilboð opnuð 19. desember 2006. Ráðgert að ljúka þeim á árinu 2007.



Fangelsi Kvíabryggju, útlit.

Fangelsi og lögreglustöð á Akureyri, endurbætur og viðbygging

Unnin var frumathugun af Stefáni P. Eggertssyni sem lögð var fram í september 2005. Þar er gerð grein fyrir forsendum hönnunar sem nær til endurbóta við núverandi fangelsi og viðbyggingar og einnig til endurbóta á aðstöðu lögreglunnar í millibyggingu. Aðalhönnuður er Arkitektur.is, verkfræðihönnun önnuðust Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. á Akureyri og Raftákn ehf. Hönnunin var unnin að mestu á árinu 2006.



Fangelsi Akureyri, útlitsteikning.

Viðbygging fangelsisins á Akureyri byggist til austurs út frá núverandi fangelsisbyggingu og verður með sama yfirbragði og núverandi hús. Stærð viðbyggingarinnar verður 336 fermetrar og framkvæmdir við endurbætur og breytingar á núverandi byggingu ná til 567 fermetra. Heildarkostnaðaráætlun FSR, í október 2006, var samtals 227,9 milljónir króna. Miðað er við útboð framkvæmda snemma árs 2007 og lok framkvæmda á árinu 2008.

Verkefni fyrir dóms- og kirkjuráðuneytið vegna leiguhúsnæðis voru: Húsnæði fyrir framleiðslu vegabréfa og húsnæði fyrir innheimtu sakarkostnaðar vegna Sýslumannsins á Blönduósi. Lauk framkvæmdum þessara verkefna á árinu 2006 og einnig verkefni vegna leiguhúsnæðis fyrir Lögregluskóla ríkisins sem staðsett er að Krókhálsi 5a og 6.

Í frumathugun voru verkefni Lögreglustöð Höfn í Hornafirði, viðbygging og endurinnrétting, einnig Héraðsdómur á Selfossi, nýbygging, svo og Bílgeymsluhús fyrir embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Skilamat vegna verkefnisins Lögreglustöð í Ólafsvík nýbygging, var gefið út í ágúst 2006.

Félagsmálaráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2006 vegna félagsmálaráðuneytisins var við sambýlin Birkimörk 21-27, Hveragerði og Geislatún 1, Akureyri.

Sambýli Birkimörk 21-27, Hveragerði

Framkvæmdir við nýbyggingu sambýlis við Birkimörk 21-27 í Hveragerði voru boðnar út haustið 2005. Lauk þeim að mestu á árinu 2006 en síðan hefur verið unnið að lagfæringum samkvæmt úttektarlista. Verktaki var Þyngdaraf ehf.

Sambýli Geislatún 1, Akureyri

Framkvæmdir við nýbyggingu sambýlis við Geislatún 1 á Akureyri hófust haustið 2005 og var verktaki Völvusteinn ehf. Byggingin er 418,7 fermetrar á einni hæð og eru þar fimm íbúðaeiningar ásamt sameiginlegum stofum og þjónusturýmum. Lokaúttekt fór fram 30. nóvember 2006 og var þá aðallega ólokið fullnaðarfrágangi lóðar.



Sambýli Geislatún 1, Akureyri.

Staða verkefna

Unnið að þakviðgerð við Sambýlið Dimmuhvarfi 2, Kópavogi. Á árinu 2006 var einnig unnið að áætlunargerð vegna sambýlisins við Bleikargróf 6 í Reykjavík og lauk hönnun að mestu leyti á árinu. Í áætlunargerð var einnig Fjöliðjan, viðbygging, Dalbraut 10, Akranesi, en í frumathugun leiguhúsnæði Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, Suðurlandi.

Fjármálaráðuneyti

Fyrir fjármálaráðuneytið og stofnanir þess var á árinu 2006 unnið að framkvæmdum við vöruhús Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og fleiri verkefnum.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, vöruhús 3 og tengibyggning, var í áætlunargerð árið 2006 og lauk henni í byrjun árs 2007. Leiguhúsnæði fyrir Tollstjórnann í Reykjavík var einnig í athugun og Tollhúsið, viðbygging í frumathugun.

Gefið var út skilamatið Borgartún 7A, endurinnrétting kjallara og 1. hæðar, í september 2006, og skilamat Fjármálaráðuneytið, Arnarhváli, endurinnrétting 2. hæðar að hluta, var gefið út í febrúar 2006.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2006 fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og stofnanir þess voru eftirfarandi.

Öldrunarheimili Akureyrar, Hlíð, hjúkrunarálma

Eftir undirbúning og fyrri hluta framkvæmda, sem lýst var í fyrri ársskýrslu, var unnið við að innréttingum á árinu og lauk framkvæmdunum haustið 2006.

Nýbyggingin er um fjögur þúsund fermetrar að stærð og markar tímamót í öldrunarþjónustu á Akureyri.

Í álmunni er hjúkrunarheimili með 60 einstaklingsherbergjum, eldhús, matsalur og þar er einnig góð aðstaða fyrir starfsmenn, svo sem búningsherbergi. Arkitekt var Arkitektur.is, verktaki Tréverk ehf.

Áætlaður heildarkostnaður við verklok var 877 milljónir króna að meðtöldum búnaði.



Öldrunarheimili Akureyrar, Hlíð, hjúkrunarálma.

Heilsugæslustöðin Skagaströnd, nýbygging

Framkvæmdir við heilsugæslustöðina á Skagaströnd hófust í desember 2005 og þeim lauk í ágúst 2006. Húsið er 267 fermetra timburhús byggt með einingum á steyptri grunnplötu. Kemur þessi aðstaða í stað þeirrar sem heilsugæslan hefur haft til afnota á Skagaströnd.



Heilsugæslustöðin Skagaströnd, nýbygging.

Heilsugæslustöð Hlíðahverfis, breytingar

Eins og áætlað var lauk framkvæmdum við þetta verkefni í mars 2006.

Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað, viðbygging og endurbætur

Haldið var áfram með framkvæmdir við sjúkrahúsið sem hófust í maí 2005 og var unnið bæði að endurbótum og viðbyggingu á árinu 2006. Eldri byggingin er 1.141 fermetrar á þrem hæðum. Ris var rífið og byggð ný þriðja hæð, gerðar breytingar og endurbætur á öðrum hæðum og húsið endurbætt að utan.



Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað, viðbygging í byggingu.

Nýja viðbyggingin er þrjár hæðir og kjallari ásamt tengingangi að heilsugæslustöð, alls 256 fermetrar. Heildarkostnaðaráætlun var 236,3 milljónir króna í júlí 2004. Áætlað er að ljúka framkvæmdunum í mars 2007.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Suðurálma, 1. og 2. hæð

Framkvæmdum við innréttingar við Suðurálmu FSA var skipt í áfanga. Að loknum framkvæmdum við 0. hæð var unnið að hönnun á innréttingum 1. og 2. hæðar til útboðs sem fór fram í desember 2005. Um er að ræða innréttingar á 1.600 fermetra svæði og endurinnréttingu á 370 fermetrum í tengibyggingu auk lóðarfrágangs. Innréttað var á 1. hæð suðurálmu fyrir speglunar- og lyfjadeild ásamt göngudeild sérfræðinga og kapellu og á 2. hæð fyrir skrifstofur sjúkrahússins. Arkitekt innréttinganna er Arkitekta- og verkfræðistofa Hauks ehf. Heildarkostnaðaráætlun FSR í desember 2005 var 264,5 milljónir króna. PA Byggingarvertakar ehf. annast framkvæmdirnar sem lýkur árið 2007.



Frágengið bílastæði við suðurálmu FSA.

Heilsugæslustöðin á Akureyri, endurbætur 3. hæð

Framkvæmdir við endurbætur 3. hæðar Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri hófust í júní 2005 og lauk þeim í mars 2006. Um er að ræða gagngera endurnýjun á stærstum hluta 3. hæðar heilsugæslustöðvarinnar að Hafnarstræti 99-101 á Akureyri, ásamt bókasafni, eldhúsi og matsal. Verktaki var Timbursmiðjan ehf.



Heilsugæslustöðin á Akureyri, móttaka 3. hæð.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands, viðbygging, 1. áfangi A og B

Á árinu 2006 var unnið að uppsteypu hússins og í árslok var henni nær því lokið. Verktaki er JÁ verktakar ehf. Áætlað er að ljúka áfanganum, sem nær til uppsteypu og frágangs utanhúss, árið 2007 ásamt innréttingu 2. hæðar. Í september 2006 var gengið frá samningi við verktakann um viðbót við verkið, það er byggingu 3. hæðar.



Heilbrigðisstofnun Suðurlands, uppstept hús.

Hjúkrunarheimilið Kirkjubæjarklaustri, 2. áfangi

Framkvæmdir við 2. áfanga Hjúkrunarheimilisins á Kirkjubæjarklaustri lauk samkvæmt áætlun í maí 2006. Á efri hæð voru innréttaðar hjúkrunarstofur með tilheyrandi þjónusturýmum og á neðri hæð anddyri, kapella, skál og íbúð auk þjónusturýma. Verktaki var Listasmíð ehf. Áætlað er að ljúka lóðarfrágangi á árinu 2007.

Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, útboð A
Vegna framkvæmda við Heilbrigðisstofnunina Siglufirði var í frumathugun ákveðin áfangaskipting þar sem fyrsti og þriðji áfangi ná til endurbóta en annar áfangi til viðbyggingar. Fyrsti áfanginn, áfangi A, sem nær til endurbóta á núverandi suður-álmum og hluta vesturálmum heilbrigðisstofnunarinnar, var boðinn út í október 2005 og var að mestu unnin á árinu 2006 og lauk í nóvember það ár. Verktaki var Byggingarfélagið Berg ehf. Unnið var að undirbúningi áfanga B, nýrri viðbyggingu, og er stefnt að útboði árið 2007.



Heilbrigðisstofnunin Siglufirði. útlit.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, 3. hæð í D álmu

Framkvæmdir við D álmu við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja voru að mestu unnar á árunum 1998 til 2001 en innréttingum á 3. hæð var þá frestað ásamt lóðarfrágangi. Unnið var að hönnun innréttinga hæðarinnar árið 2006 og framkvæmd hafin. Á hæðinni verða einkum skurðstofur, einnig skrifstofur, fundarsalur og bókasafn. Verkaupi auk heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis er Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Framkvæmdirnar voru boðnar út og hóf verktakinn FN Festingar ehf. framkvæmdir í september 2006.



Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, innréttingavinna á 3. hæð.

Heilsugæslustöð Glæsibæ

Fyrir Heilsugæsluna í Reykjavík annaðist FSR tilsjón vegna leiguhúsnæðis fyrir heilsugæslustöð í Glæsibæ, Álfheimum 74, í Reykjavík. Leigusali, ÍAV hf. (Íslenskir aðalverktakar ehf.), innréttaði húsnæðið fyrir þarfir heilsugæslustöðvar Voga- og Heimahverfis. Heilsugæslan er staðsett á 3. hæð hússins og var opnað 19. janúar 2006.

Heilsugæsla Reykjavíkur, flutningur

Á árinu 2006 var unnið að framkvæmdum við flutning Heilsugæslu Reykjavíkur.

Læknisbústaður Blönduósi

Einnig var unnið að hluta að viðgerðum og fleira vegna Læknisbústaðar Heiðarbraut 3, Blönduósi.


Barna- og unglíngageðdeild, nýbygging göngudeildar

Landspítali - háskólasjúkrahús (LSH) hefur rekið Barna- og unglíngageðdeild (BUGL) við Dalbraut 12 sem hefur búið við þröngan húsakost og eru úrbætur vegna þess hafnar. Stækkun og endurbætur húsnæðis mun samkvæmt frumathugun fara fram í fjórum áföngum.

- Nýbygging göngudeildar
- Nýbygging iðjupjálfunar og skóla
- Viðbygging og endurinnrétting innlagnadeilda
- Endurinnrétting sameiginlegs hluta göngu- og innlagnadeilda


Á árinu 2006 var unnin áætlunargerð fyrir 1. áfanga, það er nýbyggingu göngudeildar, og voru framkvæmdir vegna þess hluta voru boðnar út í árslok. Á göngudeildinni verður sinnt almennri göngudeildarþjónustu, þar verður átröskunarteymi, vettvangs- og bráðateymi og fjölskylduteymi. Miðað við núverandi aðstöðu verður umtalsverð fjölgun á viðtals- og meðferðarherbergjum.

Nýbygging göngudeildar BUGL verður tvær hæðir og kjallari, alls 1.244 fermetrar að stærð. Móttöku og skrifstofum er komið fyrir á tveimur efri hæðum, matsal geymslum og vinnuáðstöðu á neðstu hæð, það er kjallara, sem er grafið frá þannig að hægt er að ganga út í garðrýmið.



Teikning af fyrirhuguðum byggingum BUGL.


Arkitekt byggingar göngudeildar er Arkís ehf. Heildarkostnaðaráætlun FSR, í september 2006, var 334,0 milljónir króna. Verkefnið verður fjármagnað af Kvenfélaginu Hringnum, Byggingarsjóði BUGL (gjafafé), sölu á Kleifarvegi 15, fjárveitingum til LSH og af öðrum fjáragaliðum. Útboð á nýbyggingu Barna- og unglíngadeildar var auglýst í desember 2006.



Barna- og unglíngageild. Teikning af vesturhlíð göngudeildar.

Landspítali - háskólasjúkrahús

Á árinu 2006 var unnið áfram að undirbúningi Landspítala - háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Framkvæmdanefnd nýbyggingar Landspítala - háskólasjúkrahúss hélt fund 1. febrúar 2006 með fjölmörgum starfsmönnum og ráðgjöfum og við sama tækifæri undirritaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samning við C.F. Møller um gerð deiliskipulagstillögu og þarfa greiningar.



Líkan af endurskoðuðu deiliskipulagi LSH.

Fjölmennar kynningar voru haldnar um þetta viðamikla verkefni í júní og í september var endurskoðað deiliskipulag kynnt. Meðal þeirra breytinga sem gerðar hafa verið er að legu og hæð háskóla-bygginga hefur verið breytt og legudeildar-álmum fækkað og þær hækkaðar.

Staða verkefna

Auk þess sem að framan greinir voru í undirbúningi á árinu 2006 eftirfarandi verkefni á vegum heilbrigðis- og tryggingamálamálaráðuneytisins og stofnana þess.

- Hjúkrunarheimili Suðurlandsbraut 66, Reykjavík
- Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði
- Heilsugæslustöð Borgarnesi, viðbygging
- Hjúkrunarheimili aldraðra Hvammstanga
- Heilsugæslan Raufarhöfn, viðbygging og endurbætur

Vegna leiguhúsnæðis kom FSR ennfremur að eftirfarandi verkefnum árinu:

- Læknisbústaður Ólafsvík, Túnbrekku 18
- Heilsugæslustöð í Vík
- Læknabústaður Fossahlíð 3,
- Grundarfirði

Útgefin skilamöt á árinu 2006 vegna verkefna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og stofnana þess voru eftirfarandi:

- Vífilsstaðir, breytingar og endurbætur fyrir hjúkrunarheimili, gefið út í febrúar 2006.
- Barnspítali Hringsins, nýbygging, mars 2006.
- Landspítali - háskólasjúkrahús Fossvogi, utanhússviðgerðir á D -, E - og F- álmum, ágúst 2006.
- Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyjum, endurbætur og breytingar, ágúst 2006.
- Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, viðbygging og breytingar á inngangi, ágúst 2006.
- Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík, endurbætur sjúkrahúss, 1. og 2. áfangi, september 2006.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, D-álma, nýbygging, september 2006.
- Landspítali - háskólasjúkrahús Fossvogi, endurbætt aðkoma sjúkrabifreiða, gefið út í desember 2006.

Iðnaðarráðuneyti

Á árinu 2006 var unnið að framkvæmdum við flutning Einkaleyfastofu.

Landbúnaðarráðuneyti

Helsta verkefni FSR vegna Landbúnaðarráðuneytisins og stofnana þess var leiguhúsnæði fyrir Landbúnaðarstofnun. Gert var ráð fyrir aðstöðu fyrir um 45 manns í skrifstofuhúsnæði með leigutíma í 20 ár. Leiguhúsnæðið að Austurvegi 64, Selfossi var afhent Landbúnaðarstofnun 28. september 2006. Gefin var út skilgrein vegna verkefnisins í desember 2006.



Landbúnaðarstofnun Austurvegi 64, Selfossi.

Menntamálaráðuneytið

Helstu verkefni ársins 2006 fyrir menntamálaráðuneytið og stofnanir þess voru:

- Þjóðleikhúsið, utanhússviðgerðir
- Kennaraháskóli Íslands, lóð
- MR Casa Nova, endurnýjun
- Háskóli Íslands. Háskólatorg

Þjóðleikhúsið, utanhússviðgerðir

Á árinu 2006 lauk að mestu framkvæmdum við 1. áfanga, það er Þjóðleikhúsið, viðgerðir 2004-2006, sem náði til úrbóta á brunavörnum og aðgengi fatlaðra.

Vegna viðhaldsframkvæmda óskuðu Fasteignir ríkissjóðs, sem nú er verkkaupi og leigusali fyrir Þjóðleikhúsið, eftir leyfi fjármálaráðuneytisins til að hefja áætlunargerð og framkvæmdir vegna 2. áfanga utanhússframkvæmda. Veitti fjármálaráðuneytið leyfið að fenginni umsögn FSR. Ráðgjafi við verkefnið er Línuhönnun hf. Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með verkinu ásamt Gunnari Torfasyni verkfræðingi.

Verkpallar voru boðnar út í apríl 2006. Tekið var tilboði Magnúsar og Steingríms ehf. og hófst vinna við verkfallana í júní 2006 og lauk síðar á árinu.



Verkpallar við Þjóðleikhúsið.

Steypuviðgerðir voru boðnar út í maí 2006. Tekið var tilboði Magnúsar og Steingríms ehf. þann 27. júlí 2006. Kostnaðaráætlun verkframkvæmdar var um 75 milljónir króna utan málmglugga sem lagðir voru til af verkkaupa. Mun framkvæmd við steypuviðgerðir og fleira ljúka á næsta ári. Múrhuðun og endursteyning á útveggjum Þjóðleikhússins verður boðin út á árinu 2007.

Menntaskólinn í Reykjavík, Casa Nova, endurbygging

Í ársskýrslu 2005 var skýrt frá verkefninu Menntaskólinn í Reykjavík, Casa Nova, endurbygging og á því ári var allt verkefnið boðið út. Því var skipt í þrjá áfanga sem unnir eru á sumrin til að trufla ekki kennslustarfsemina.

Framkvæmdum við 1. áfanga lauk á árinu 2006 og unnið var við 2. áfanga sem nær til breytinga á kjallara og lagnakerfum húss. Ákveðið var að flýta þeim hluta 3. áfanga sem nær til framkvæmda innanhúss og lauk þeim hluta í ágúst 2006 en utanhússfrágangi mun ljúka á árinu 2007.



Á lóð Kennaraháskóla Íslands.

Kennaraháskóli Íslands kennslumiðstöð, nýbygging ásamt lóðarfrágangi

Í framhaldi af því að nýbygging Kennaraháskóla Íslands, Hamar, var tekin í notkun var unnið að lóðarfrágangi við skólann. Var þeim framkvæmdum skipt í tvo áfanga.

Lóðarframkvæmdirnar fólust meðal annars í gerð göngustígs að aðalinngangi, gróðurbeðum og bílastæðum norðan og sunnan við Hamar og frágangi dvalarsvæðis framman við nýjan matsal skólans.

Framkvæmdir við 2. áfanga lóðarfrágangs við Hamar kennslumiðstöð voru boðnar út og unnar að mestu á árinu 2005 en lauk á árinu 2006.



Aðkomustígur að aðalinngangi.



Lóðarfrágangur við sunnanverðan Kennaraháskólann.

Háskóli Íslands. Háskólatorg

Í ársskýrslu 2005 var skýrt frá verkefninu Háskóli Íslands. Háskólatorg. Á því ári fór fram forval alútboðs þar sem verktakar sóttu um að taka þátt í samkeppni um hönnun og byggingu Háskólatorgs.

Þann 5. febrúar 2006 lágu fyrir niðurstöður hönnunarsamkeppni innan alútboðsins. Hlutskarpastir voru Íslenskir aðalverktakar hf. (ÍAV hf.) ásamt samræmingarhönnuðunum Ögmundi Skarphéðinssyni frá Hornsteinum og Ingimundi Sveinssyni frá Teiknistofu Ingimundar Sveinssonar.

Fyrsta skóflustungan var tekin 6. apríl 2006 og hófust þá framkvæmdirnar. Voru neðstu hæðir Háskólatorgs I og II steyptar upp sumarið 2006.

Gangi áætlanir eftir lýkur framkvæmdum 2007 og er vonast til að Háskólatorg verði vígt 1. desember 2007.



Framkvæmdir við Háskólatorg I.



Grunnmynd 1. hæðar Háskólatorgs I. Teikning Hornsteinar ehf.

Tilraunastofa Háskóla Íslands að Keldum, öryggisrannsóknarstofa

Unnið var að undirbúningi og hafin framkvæmd á byggingu öryggisrannsóknarstofu við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum við Vesturlandsveg í Reykjavík. Um er að ræða krufningar- og rannsóknarstofu af sérstakri gerð sem krafist er vegna þeirrar hættu sem stafar af fuglaflensu. Hætta var síðar metin minnkandi en er þó ekki talin liðin hjá. Ákveðið var að hanna stálgrindarhús á steiptan kjallara. Í kjallara verða inntök og hreinsibúnaður, á 1. hæð rannsóknarstofan sjálf og á 2. hæð tæknirými fyrir loftræsingu og fleira. Byggingin verður um 312 fermetrar að stærð. Verkefninu var skipt í hluta og er 1. verkhluti yfirbygging og 2. verkhluti stálgrind ásamt ytra byrði húss en sértækar innréttingar og búnaður krufningar- og rannsóknarstofa er sérstakur verkhluti eða utan verkefnisins.

Arkitekt er Arkþing, burðarþolshönnuður er VEB, Lagnatækni vann lagnahönnun og Raftækning raflagnahönnun og VSI brunaönnun. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Fyrsti verkhluti, yfirbygging, var boðinn út í september 2006. Gengið var til samningskaupa. Verktakar eru Aftak ehf. sem annast uppsteypu og Sveinbjörn Sigurðsson hf. sem sér um stálgrind og útveggja- og þakeiningar.

Þjóðskjalasafn, endurbætur

Á mismunandi stigi og unnið að framkvæmd að hluta við Þjóðskjalasafn, endurbætur.

Staða verkefna

Verkefni í undirbúningi á árinu 2006 í fyrir menntamálaráðuneytið og stofnanir þess voru eftirfarandi:

- Íþróttahús Háskóla Íslands utanhússviðgerðir, verkkaupi Háskóli Íslands
- Háskólinn á Akureyri, 4. áfangi

Framkvæmdum var lokið í eftirfarandi verkefnum:

- Þjóðminjasafn Íslands, nýbygging og endurbætur
- Askja, náttúrufræðahús Háskóla Íslands
- Kennaraháskóli Íslands, viðbygging við mótuneyti

- Kennaraháskóli Íslands, Hamar kennslumiðstöð nýbygging
- Kennaraháskóli Íslands, lóð, 2. áfangi

Skilamöt sem gefin voru út á árinu voru: Háskólinn á Akureyri, kennslurými og tengigangur, og Háskólinn á Akureyri, þjónustu- og skrifstofurými, einnig Sjónvarpið, innréttingar og tæknibúnaður við flutning í Efstaleiti, öll gefin út í desember 2006.

Samgönguráðuneyti

Gefið var út skilamatið Flugturninn á Reykjavíkurflogvelli, endurinnrétting, í september 2006.

Umhverfisráðuneyti

Framkvæmdum við þvergarða snjóflóðavarna Siglufirði var áður lýst í ársskýrslu. en þeim lauk árið 2006 utan uppgræðslu.

Verkefni í undirbúningi:

- Snjóflóðavarnir í Ólafsvík
- Ofanflóðavarnir á Eskifirði
- Snjóflóðavarnir í Patreksfirði
- Snjóflóðavarnir í Ólafsfirði
- Snjóflóðavarnir Siglufirði, stoðvirki 2. áfangi
- Snjóflóðavarnir Ísafirði, þvergarður og stoðvirki í Kubbi
- Snjóflóðavarnir í Bíldudal
- Snjóflóðavarnir í Bolungarvík
- Snjóflóðavarnir í Neskaupstað, Tröllagili

Framkvæmd lokið:

- Snjóflóðavarnir í Neskaupstað, Drekgili
- Snjóflóðavarnir Neskaupstað, stoðvirki
- Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, Bjólfur

Skilamöt. Gefin voru út skilamöt eftirfarandi verkefna:

- Snjóflóðavarnir Siglufirði, í Strengsgili, í febrúar 2006
- Snjóflóðavarnir á Ísafirði, í Seljalandshlíð, í mars 2006



Sendiherrabústaðurinn í Berlín.

Utanríkisráðuneyti

Helstu verkefni ársins 2006 fyrir utanríkisráðuneytið voru eftirfarandi.

- Sendiherrabústaður í Berlín
- Flugþjónustusvæðið á Keflavíkurvelli, svæði A, gatnagerð og lagnir

Sendiherrabústaður í Berlín

Framkvæmdum við Sendiherrabústað í Berlín lauk á árinu 2006. Nýi sendiherrabústaðurinn er, auk þess að vera bústaður sendiherrans, jafnframt opinbert móttökurými þar sem efnt verður til kynninga á sviði menningar og lista svo og á sviði ferðamála og viðskipta.

Arkitektarnir Hjördís Sigurgísladóttir og Dennis Davíð Jóhannesson teiknuðu húsið en tillaga þeirra hlaut fyrstu verðlaun í opinni samkeppni árið 2003.

Tvískipt byggingin er tengd með glergangi sem er eins konar framlenging á móttökurýmiinu og afmarkast rýmið annars vegar af bogadregnum vegg með bárujárnri og hins vegar af steinvegg með lítills háttar halla.

Efnisvalið, sem er bárusink, blásvartur steinn og steinsteypa, kallar fram tengingu við Ísland. Aðalverktaki var Bernhard Schragen GmbH.

Staða verkefna

Í frumathugun:

- Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, eldsneytislögn
- Fraktflughlöð Keflavíkurflugvelli, 2. áfangi

Framkvæmd lokið:

- Flugmálastjórnin Keflavíkurflugvelli, svæði A, gatnagerð og lagnir
- Sendiráð Íslands í Berlín
- Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn
- Sendiherrabústaður í Berlín, nýbygging

Skilamöt:

- Sendiherrabústaður í Brussel, endurbætur, gefið út í október 2006
- Sendiráð og sendiherrabústaður í Tokyo, kaup á húsnæði og endurbætur, gefið út í október 2006

Viðskiptaráðuneyti

Í áætlunargerð á árinu 2006 voru verkefni:

- Samkeppniseftirlitið, leiguhúsnæði og
- Fjármálaeftirlitið, leiguhúsnæði.

Alþingi

Helstu verkefni fyrir Alþingi á árinu 2006 voru 4. áfangi endurbóta Alþingishússins, innanhúss og undirbúningur vegna búnaðar í Alþingishús.

Alþingishús, viðgerðir utanhúss, 2. áfangi

Framkvæmdir við utanhússviðgerðir Alþingishússins voru boðnar út árið 2003. Fyrsti áfanginn náði til suður- og austurhlíða, þar með talið til Kringlunnar á sunnanverðu húsinu, og lauk þeim áfanga árið 2003. Á árinu 2006 er áfram unnið að viðgerðum utanhúss og þá tekin fyrir vesturhlíð. Þeim áfanga lauk fyrir þingsetningu haustið 2006.




Unnið við utanhússviðgerð á Alþingishúsi.

Alþingishús, búnaður

Í framhaldi af gagngerum endurbótum Alþingishússins, sem er að mestu lokið, var ákveðið að fá íslenska hönnun húsgagna sem færu vel í húsinu. Fyrir verkaupann, Alþingi, valdi matsnefnd þrjá húsgagnahönnuði til að gera tillögur og varð Leó Jóhannsson fyrir valinu. Fór hönnun húsgagnanna fram á árinu 2006.

Umsjón með framkvæmdunum hafði Framkvæmdasýsla ríkisins fyrir Alþingi. Aðalframleiðandi húsgagnanna er Á. Guðmundsson ehf. en framleiðslu þeirra mun ljúka árið 2007.



Tillaga, húsgögn á skrifstofu forseta Alþingis.



Tölvuteikning, setustofustóll.

Staða verkefna

Í frumathugun:

- Alþingi, Skólaþing
- Alþingishús, endurnýjun loftræsilagna

Í áætlunargerð:

- Alþingishús, þakviðgerð

Í framkvæmd:

- Alþingishús, búnaður
- Alþingi, leiguhúsnæði fyrir Þingvallanefnd

Framkvæmd lokið:

- Alþingishús, endurbætur innanhúss, 1. - 4. áfangi
- Alþingi, flutningur á aðstöðu fréttamanna
- Alþingishús, viðgerðir utanhúss, 1. og 2. áfangi

Samstarf og þróun

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök svo og við erlendar stofnanir. Unnið er stöðugt að þróun á sviði mannvirkjagerðar.

Innlent samstarf

Höfð er samvinna og samráð við aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök er starfa á þessum vettvangi. Má þar nefna samstarf um innleiðingu gæðastjórnunar við mannvirkjagerð. Þá er stofnunin aðili að samtökum eins og Staðlaráði Íslands, Stjórnvísi, Lagnafélagi Íslands og Verkefnastjórnunarfélagi Íslands.

Gæðastjórnun við mannvirkjagerð


Á árinu 2006 lagði FSR áherslu á að hvetja til gæðastjórnunar við mannvirkjagerð með kynningum út á við. Mikilvægi góðs undirbúnings hefur verið kynnt af forstjóra FSR í fagtímaritunum Verktækni, Arkitektúr og skipulag og víðar.

Þar er meðal annars fjallað um nauðsyn þess að viðhafa gæðastjórnun við undirbúning, hönnun og byggingu mannvirkja á Íslandi. Um tveir þriðju hluti þjóðarauðs Íslendinga er bundnir í mannvirkjum á Íslandi og þegar fjallað er um möguleika á hagræðingu í mannvirkjagerð er um að ræða mikla þjóðhagslega hagsmuni. Miðað við rannsóknir sem gerðar hafa verið á Norðurlöndum gæti því kostnaður vegna mistaka við mannvirkjagerð á Íslandi numið um 7 milljörðum króna árlega. Spara mætti jafnvel milljarða króna ef unnt yrði í auknum mæli að sneiða hjá mistökum undirbúnings- og hönnunarferlinu þótt mannleg mistök mun ætíð verða til staðar. Það er því til mikils að vinna í þessum efnunum.

Mikilvægi góðs undirbúnings er lykilatriði. Endurskoðun vinnulags við undirbúning framkvæmda hefur átt sér stað undanfarin ár í nágrennalöndunum og eru í þessum efnunum Bretar og Danir taldir sérstaklega framarlega. Vakin er athygli á erlendum rannsóknum í þessum efnunum. Danir hafa stigið djarft skerf með þróun samræmds, rafræns kerfis til undirbúnings framkvæmda og um áramótin 2006-2007 gera

stjórnvöld þá kröfu til allra ráðgjafa sem koma að hönnun opinberra bygginga í Danmörku að þeir vinni hönnun sína í BIM kerfinu (Building Information Modeling) þar sem gert ráð fyrir gæðatryggingu á hönnunarstiginu og að unnið sé með líkön í hönnunarforritum í stað teikninga, sem mun meðal annars leiða til þess að magntaka verður sjálfvirk og samræming milli mismunandi hönnuða verður öll mun markvissari.

Lagt er til að nýjar aðferðir og nálganir varðandi undirbúning og hönnun mannvirkja verði skoðaðar af alvöru með það að markmiði að auka samvinnu milli verkaupa og ráðgjafa og leitast með því við að lækka þann kostnað sem mistök á þessu stigi valda.



Gæðakerfi.

Vottuð gæðastjórnun

Ráðstefnan Vottað Ísland? sem haldin var á Grand Hotel 27. apríl 2006 á vegum fyrirtækisins Focal í samstarfi við aðila á sviði mannvirkjagerðar. Fjallað var um vottaða gæðastjórnun verkfræði- og arkitektafyrirtækja. Óskar Valdimarsson forstjóri FSR flutti þar erindið Frá afurðaeftirliti til vöktunar vinnuferla.

Nokkrar ráðgjafarstofur á Íslandi á sviði mannvirkjagerðar eru með vottað gæðakerfi samkvæmt alþjóðlegum staðli, ISO 9001: 2000 (International Standardization Organization) staðlinum.



Frá stofnun SOV.

Samtök opinberra verkkaupa (SOV)

Þann 1. desember 2006 var haldinn stofnfundur Samtaka opinberra verkkaupa. Aðild að samtökunum geta átt ríkisstofnanir og sveitarfélög. Stofnaðilar eru Framkvæmdasýslan, Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar, Siglingastofnun og Vegagerðin. Tilgangur SOV er:

- Að vera samtök opinberra aðila á Íslandi, sem stunda kaup á verkum og þjónustu þeim tengdum.
- Að beita sér fyrir aukinni gæðavitund við mannvirkjagerð á Íslandi og innleiðingu gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir.
- Að leggja áherslu á öryggis- heilbrigðis- og umhverfismál sem tengjast verklegum framkvæmdum.
- Að vera leiðandi í samræmingu og þróun aðferða og gagna sem tengjast útboðum á verklegum framkvæmdum og þjónustu þeim tengdum.
- Að taka þátt í innlendu og alþjóðlegu samstarfi er snýr að stöðlun, hagræðingu og þróun í mannvirkjagerð.
- Að stuðla að ráðstefnum á sviði mannvirkjagerðar sem taka á gæðavitund, öryggi, heilbrigði, umhverfi og samræmingu útboðsgagna í verklegum framkvæmdum.

Lagnafélag Íslands


Á árinu varð Þráinn Sigurðsson, aðstoðarforstjóri FSR, ritari í stjórn Lagnafélags Íslands. Í tilefni af 20 ára afmæli Lagnafélagsins var haldin sýningin Lagnakerfi í nútíð og framtíð í Vetrargarðinum Smáralind og var hún opnuð var 6. október 2006. Þar voru kynnt lagnakerfi í nútíð og framtíð og veittar ýmsar upplýsingar vegna lagna.

Erlent samstarf

Framkvæmdasýslan er í samstarfi við systurstofnanir sínar á Norðurlöndum og er þar um að ræða þrenns konar samstarfsvettvang; Nordisk byggedag (NBD), Nordisk kontakt om statsbygninger (NKS), Nordisk kontakt om utrikesbyggeri (NKU). Þá er stofnunin aðili að The Workplace Network (TWN) sem eru alþjóðleg samtök opinberra verkkaupa/ fasteignafélaga og einnig þátttakandi í Alþjóðlegu samtökum verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).

Norrænn byggingardagur (NBD)

Þátttaka Íslands í norrænu samstarfi um byggingarmál á sér langa sögu. Norræni byggingardagurinn er þar mikilvægur vettvangur. Meginverkefni NBD er að halda Norræna byggingardaginn sem jafnan haldinn er annað hvert ár. Síðast var ráðstefnan haldin á Íslandi árið 2005 og tók þá Ásdís Ingbórsdóttir, sem þá var verkefnastjóri hjá FSR, þátt í skipulagi ráðstefnunnar sem ritari stjórnar NBD á Íslandi. Ásdís var einnig tengiliður FSR við NBD á árinu 2006 og tók þátt í atburði NBD í Pétursborg í Rússlandi 14.-16. september 2006.



Í Pétursborg.

NBD á Íslandi hélt námstefnuna Aðgengismál og endurbætur eldra húsnæðis, í samvinnu við Félagsbústaði hf., umhverfisráðuneytið og íbúðalánasjóð þann 27. október 2006 í Norræna húsinu. Þórarinn Magnússon, verkfræðingur hjá Félagsbústöðum hf. og stjórnarmaður í NBD hafði kynnt sér þessi mál í náms- og kynnisferð til Norðurlanda vorið 2006 og var samantekt hans til umfjöllunar á námstefnunni auk þess sem sérfræðingar á þessu sviði á Norðurlöndum og hjá Evrópusambandinu kynntu stöðu mála og sýndu dæmi.



Endurbætur húsnæðis: Lyfta bætir aðgengi.

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar (NKS)

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar er íslensk þýðing á Nordisk Kontakt om Statsbygninger (NKS) sem er formlegur vettvangur sem Framkvæmdasýslan hefur sinnt. Um er að ræða samstarf Framkvæmdasýslu ríkisins við systurstofnanir sínar á hinum Norðurlöndunum. Haldnir eru árlegir fundir, stórir fundir annað hvert ár en hin árin hittast eingöngu forstjórar stofnananna. Af málefnum sem rædd eru má nefna skipulag, skráningu og rekstur eigna ríkisins, samvinnu milli ríkis og einkaaðila, val á ráðgjöfum, samskipti við fjölmiðla, nýtingu á upplýsingatækni og sérstök byggingartæknileg viðfangsefni.

Fundur NKS var haldinn í Helsinki, Finnlandi, 16. - 17. ágúst 2006. Þar flutti meðal annars forstjóri FSR tvö erindi, Accessibility and Egressability og Overview of Organisation FSR, Iceland.

Norrænt samstarf um byggingar utanríkisþjónustu (NKU)

FSR er, ásamt utanríkisráðuneytinu, aðili að NKU (Nordisk Kontakt om Utrikesbyggeri) sem er vettvangur til að miðla reynslu og finna fleti á samstarfi milli Norðurlandanna um húsnæðismál og opinberar framkvæmdir á vegum utanríkisráðuneytanna á erlendri grundu. Árlega eru haldnir fundir í NKU-samstarfinu. Skiptast löndin fimm á að halda fundinn.

Fundur NKU var haldinn í Reykjavík 7. - 8. september 2006. Fundurinn var haldinn í utanríkisráðuneytinu. Fundarefnið var að venju hinar ýmsu hliðar húsnæðismála utanríkisráðuneyta Norðurlandanna, bæði heima fyrir og erlendis, ekki síst sendiráð. Farið var yfir hvaða húsnæði tekið var í notkun eða hætt notkun á, í leigu eða eigu hjá utanríkisráðuneytinum, rætt um íbúðir sendiráða og stefnumið varðandi þau.

Skýrt var frá dæmum um byggingarframkvæmdir, meðal annars við sendiherrabústað Sendiráðs Íslands í Berlín. Fjallað var um rekstur og viðhald svo og leigumál, einnig jafnvægið milli byggingar- og öryggisþátta.

Verkefnastjórnunarfélag Íslands / IPMA
Þátttaka FSR í ráðstefnum um verkefnastjórnun hefur verið nokkur á undanförunum árum enda hefur það efni vakið aukna athygli og er mikilvægt á sviði FSR.

Á árinu 2006 sóttu tveir starfsmenn FSR ráðstefnuna 20th IMPA World Congress. Shanghai í Kína 15. - 20. október 2006, einnig var sótt ráðstefnan Nordnet 2006 í Stokkhólmi, 15. - 17. nóvember 2006.



Frá IPMA ráðstefnunni í Shanghai.

Þróun í þjónustu FSR

Nýr Vefur FSR

Á árinu 2006 var unnið að nýjum vef FSR, á www.fsr.is. Var verkefnið undirbúið fyrri hluta árs og leitað tilboða vefaðila. Tekið var tilboði fyrirtækisins Inn ehf. og hafið samstarf um uppbyggingu nýs vefs í júní 2006 og lauk því um áramót 2006 -2007. Nýi vefurinn byggist á vefumsjónarkerfinu LISA, sem Inn ehf. hefur þróað. Í samstarfinu var byggð upp tenging vefsins við Navison kerfið sem notað er hjá FSR. Á vefnum eru upplýsingar um FSR, útboð, verkefni og fréttir, með miklu efni eins og verið hefur. Sérstakir kaflar eru um samstarf og þróun, útgefið efni og stöðluð form. Nýi vefurinn er mun þróaðri og öflugri en fyrri vefur. Ýmsar flýtleiðir eru á aðal efni og einnig er auðvelt að finna þar ítarefni með leitarkerfi, vali á röðun í töflum og prentvæn form eru til staðar. Meðal efnis eru útboðsupplýsingar, verkefnis kynningar og skilamöt. Umsjón með vef FSR hefur Magnús K. Sigurjónsson. Stefnt er að því að fá vefinn aðgengisvottaðan á árinu 2007.

Rekstur og starfsfólk

Rekstrarafkoma

Rekstrarniðurstaða ársins 2006 var tap að upphæð 1,27 milljónir króna með ríkisframlagi eða 3,97 milljónir króna án ríkisframlags. Þetta er um 7,17 milljónum króna lakari árangur en árið áður.


Tapið stafar að mörgu leyti af því að tekjur lækkuðu um 6 milljónir króna á milli ára en gjöld vegna sérfræðipjónustu voru um 4 milljónir króna hærrí árið 2006. Framlag á fjárlögum hélst óbreytt frá fyrra ári. Í árslok 2006 nam eigið fé Framkvæmdasýslunnar 14,2 milljónum króna.

Verkbókhald FSR

Langmestur hluti þeirra verka sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðslupjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til aukinnar hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Með því fyrirkomulagi er verkefnastjórum gert kleift að fá nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verka, án tafar, sem auðveldar kostnaðargát á verkum. Undanþegnar frá þessum lagaboðum eru framkvæmdir sem ríki og sveitarfélög standa sameiginlega að. Jafnframt heimila lög fjármálaráðherra að skipa málum með öðrum hætti.

Það hefur verið markmið FSR að fækka þeim verkum í umsjón FSR, sem ekki eru í bókhalds- og greiðslupjónustu, undanfarin ár með það að markmiði að verða upplýsingamiðstöð um kostnað opinberra framkvæmda og fleira það er lýtur að opinberum framkvæmdum.

Frá því að framkvæmdum við stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar lauk, árið 2000, hefur velta verkboðhalds FSR farið minnkandi, ár frá ári. Þessi minnkun stafaði af þeirri stefnu stjórnvalda að halda opinberum framkvæmdum í lágmarki til að sporna við þenslu sem hlýst af stórfamkvæmdum síðustu ára við virkjanir og álver. Í byrjun samdráttar var spáð fyrir um að hann haldist út árið 2006 og jafnvel fari inn í árið 2007. Viðsnúningur í veltu verkboðhalds hjá FSR varð þó fyrr en reiknað var með og gert er ráð fyrir aukinni veltu á næstu árum.



Velta verkboðhalds árin 2000 - 2010 í milljörðum króna, rauntölurnar eru bláar og áætlaðar tölur eru rauðar.



Frá gönguferð Starfsmannfélagsins Auðvitaðs.

Starfsmannamál

Stöðugildi á árinu 2006 voru 12,9 en í árslok voru starfsmenn 17 talsins. Menntunartig starfsmanna er eðli starfseminnar samkvæmt fremur hátt en um 76% starfsmannanna eru með háskólagráðu.

Það hefur um allnokkurt skeið verið stefna stofnunarinnar að leggja mikla áherslu á símenntun. Það hefur og gefist vel og eru framlög til endurmenntunar almennt vel nýtt.



Frá undirritun stofnanasamninga.

Verkefnastjórnarnir, Ásdís Ingbórsdóttir og Sigurjón Sigurjónsson, hættu störfum á árinu og nýir menn, Gunnar Sigurðsson og Gísli Tryggvason, voru ráðnir sem verkefnisstjórar. Helga Liv Óttarsdóttir sem gegnir starfi skrifstofustjóra fór í fæðingarorlof um miðjan ágúst og Anna Bragina var ráðin til að leysa hana þá af. Einnig tók hún við gæðastjórnun þegar Sigurjón hætti störfum hjá Framkvæmdasýslunni.



Frá starfsmannaferð á Leggjjarbrjót.

Starfsmannafélagið Auðvitað hélt að venju uppi góðum starfsanda, með fjölbreyttri dagskrá. Árhátíðin var haldin í Súlnasal Hótel Sögu og í maí var farið í reiðtúr að Laxnesi í Mosfellssveit og síðan grillað um kvöldið. Einnig var farið í eina gönguferð og þá á Leggjjarbrjót í september.

Reykjavík 26. september 2006.



Óskar Valdimarsson, forstjóri

Framkvæmdasýsla ríkisins

Ársreikningur 2006

Framkvæmdasýsla ríkisins
Borgartúni 7
105 Reykjavík
kt. 510391-2259

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Framkvæmdasýsla ríkisins er stofnun sem heyrir undir fjármálaráðuneytið og starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins fer með stjórn opinberra framkvæmda. Opinber framkvæmd merkir gerð eða breytingu mannvirkis, sem greidd er af ríkissjóði að öllu eða nokkru leyti og er að umfangi 5 m.kr. eða meira.

Mörg verkefna stofnunarinnar eru samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Í reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda, nr. 715 frá 2001, er fjallað nánar um hlutverk FSR.

Á árinu 2006 var 1.268 þús. kr. tekjuhalli af rekstri Framkvæmdasýslunnar. Eignir námu 349.413 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi og eigið fé 14.236 þús. kr.

Forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og skrifstofustjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, ~~25.~~ júní 2007



Óskar Valdimarsson,
forstjóri.



Anna Braguina
skrifstofustjóri.

Áritun endurskoðenda

Til fjármálaráðuneytisins

Við höfum endurskoðað ársreikning Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af forstjóra Framkvæmdasýslunnar og á ábyrgð hans í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.


Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Framkvæmdasýslu ríkisins á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, júní 2007


Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2006

Tekjur	Skýr.	2006	2005
Þjónustutekjur		112.890.547	119.018.797
Tekjur samtals	1	112.890.547	119.018.797
 Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	85.810.944	87.601.870
Rekstur skrifstofu	3	25.704.752	22.426.475
Rekstur bifreiðar	4	689.587	806.502
Ferðakostnaður	5	2.585.190	2.604.610
Rekstrargjöld samtals		114.790.473	113.439.457
Eignakaup	6	2.068.882	2.375.720
Gjöld samtals		116.859.355	115.815.177
Tekjuafgangur /-halli án ríkisframlags		(3.968.808)	3.203.620
Ríkisframlag		2.700.000	2.700.000
Tekjuafgangur (halli)		(1.268.808)	5.903.620

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir	Skýr.	2006	2005
Veltufjármunir			
Skuldunautar	7	73.919.220	76.359.798
Virðisaukaskattur		21.022.954	12.082.559
Handbært fé		254.470.642	318.438.027
Eignir alls		349.412.816	406.880.384
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll frá fyrra ári		15.504.158	9.600.538
Tekjuafgangur (halli)		(1.268.808)	5.903.620
Eigið fé samtals	9	14.235.350	15.504.158
 Skammtímaskuldir			
Lánardrottinnar	10	334.127.964	389.210.341
Ríkissjóður	8	1.049.502	2.165.885
Skammtímaskuldir samtals		335.177.466	391.376.226
 Eigið fé og skuldir			
		349.412.816	406.880.384
Skuldbindandi samningar	12		

Sjóðstreymi árið 2006

Handbært fé frá rekstri

	2006	2005
Veltufé frá rekstri		
Tekjuafgangur (halli).....	(1.268.808)	5.903.620
Veltufé frá rekstri	(1.268.808)	5.903.620

Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	(6.499.817)	19.939.878
Viðskiptaskuldir, hækkun.....	(55.082.377)	91.445.004
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(61.582.194)	111.384.882

Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)

	(62.851.002)	117.288.502
--	---------------	-------------

Fjármögnunargreyfingar:

Breyting á stöðu við ríkissjóð:		
Framlag ríkissjóðs	(2.700.000)	(2.700.000)
Greitt úr ríkissjóði	1.583.617	(461.793)
Fjármögnunargreyfingar	(1.116.383)	(3.161.793)

Hækkun á handbæru fé.....

	(63.967.385)	114.126.709
--	---------------	-------------

Handbært fé í ársbyrjun.....

	318.438.027	204.311.318
--	-------------	-------------

Handbært fé í árslok

	254.470.642	318.438.027
--	-------------	-------------

Skýringar með ársreikningi

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Framkvæmdasýslu ríkisins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 90/2006, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Framkvæmdasýsla ríkisins greiðir ekki tekjuskatt. Virðisaukaskattur er ekki reiknaður á tekjur stofnunarinnar.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af innstæðum á bankareikningum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Bókhald og fjárvarsla

Framkvæmdasýsla ríkisins sér sjálf um að greiða reikninga og færa bókhald. Þá annast stofnunin færslu bókhalds og greiðslur vegna flestra verklegra framkvæmda á vegum ríkisins sem stofnunin hefur umsjón með. Fjárslá ríkisins annast launavinnslu fyrir stofnunina.

Skýringar með ársreikningi

Fjárheimildir og rekstur

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum nemur 2,7 millj. kr. og var það óbreytt á milli ára, engar breytingar urðu á fjárheimildunum á árinu. Að frátöldu þessu framlagi er rekstur stofnunarinnar fjármagnaður með sértekjum

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Launagjöld.....	92.400	92.200	85.811	6.389
Önnur rekstrargjöld.....	32.300	32.300	28.980	3.320
Sértekjur.....	(127.100)	(126.900)	(112.891)	(14.009)
Samtals	(2.400)	(2.400)	1.900	(4.300)
Eignakaup.....	5.100	5.100	2.069	3.031
Alls	2.700	2.700	3.969	(1.269)

Sundurliðanir

1. Tekjur

Tekjur lækka um ríflega 6 millj. kr. milli ára, eða sem nemur 5,2%. Mestur hluti tekna myndast af útseldri þjónustu starfsmanna sem fólgin er í verkefnastjórnun fyrir opinberar framkvæmdir. Þá fær stofnunin greidda þóknun sem nemur 0,4% af veltufjárhæð verka og fær þóknun fyrir umsjón. Árið 2005 fékk stofnunin greiddar áður afskrifaðar tekjur en sambærileg tekjufærsla féll ekki til árið 2006.

	2006	2005
Útseld þjónusta	98.535.572	104.413.161
Þóknun vegna framkvæmda	14.354.975	7.726.396
Aðrar tekjur	0	6.879.240
	<u>112.890.547</u>	<u>119.018.797</u>

2. Laun og launatengd gjöld

Útgjöld vegna launa og launatengdra gjalda lækkuðu um 1,8 millj. kr. milli ára, eða sem nemur 2%. Laun hækkðu vegna ákvæða í kjarasamningum og stofnanasamningum. Á hinn bóginn fækkaði ársverkum úr 15,6 í 14,7 eða um 5,9%. Á árinu voru greiddir 2.311 yfirvinnutímar, en 2.488 árið áður og nemur fækkunin 7,1%. Áfallið orlof er ekki fært í ársreikninginn.

Dagvinnulaun	59.992.683	58.965.535
Yfirvinna	9.414.155	13.251.568
Ræsting	1.057.005	863.130
Launatengd gjöld	15.347.101	14.521.637
	<u>85.810.944</u>	<u>87.601.870</u>

Skýringar með ársreikningi

3. Rekstur skrifstofu

Hækkun á almennum rekstrarkostnaði skrifstofu milli ára nam ríflega 3,3 millj. kr. eða 14,7%. og skýrist einkum af hækkuðum rekstrarkostnaði tölvukerfa og skrifstofukostnaðar. Á árinu 2005 var haldinn fundur með norrænum systurstofnunum á Íslandi og lækkaði því funda- og risnukostnaður nú milli ára.

	2006	2005
Ritföng, bækur, tímarit og blöð	419.798	998.509
Rekstur tölvukerfa og skrifstofu	9.197.618	4.926.565
Húsaleiga og annar kostn. vegna húsnæðis	3.595.628	3.329.602
Sími, póstburðargjöld o.fl.	2.933.993	2.473.965
Fundir, styrkir, námskeið matur og risna	2.713.052	4.093.752
Akstur	2.853.523	1.989.151
Aðkeypt sérfræðipjónusta	2.742.761	3.106.950
Hlutdeild í sameiginlegri þjónustu	1.248.379	1.507.981
	<u>25.704.752</u>	<u>22.426.475</u>

4. Rekstur bifreiða

Rekstrarkostnaðurinn lækkaði um ríflega 0,1 millj. kr. milli ára eða um 14,5%. Stofnunin er með eina bifreið á rekstrarleigusamningi.

Rekstrarleiga bifreiða	503.354	545.344
Bensín	102.175	96.489
Bifreiðaverkstæði og þvottur	10.700	21.050
Bifreiðatryggingar	52.000	122.261
Skattar	21.358	21.358
	<u>689.587</u>	<u>806.502</u>

5. Ferðakostnaður

Ferðakostnaður stendur nokkuð í stað á milli ára. Utanlandsferðir eru vegna norræns samstarfs, evrópusamstarfs, endurmenntunar og verkefna sem stofnunin sér um erlendis.

Fargjöld innanlands	68.970	134.100
Fargjöld erlendis	915.437	1.054.512
Dagpeningar og dvalarkostnaður innanlands	434.900	370.750
Dagpeningar og dvalarkostnaður erlendis	1.165.883	1.045.248
	<u>2.585.190</u>	<u>2.604.610</u>

Skýringar með ársreikningi

6. Eignakaup

Eignakaup lækkuðu um 0,3 millj. kr. milli ára eða um 12,9% kr. Eins og árið áður felast þau aðallega í endurnýjun tölvubúnaðar.

	2006	2005
Tölvubúnaður	1.890.354	2.118.516
Símabúnaður	134.413	77.959
Húsgögn	44.115	115.750
Áhöld og skrifstofuvélar	0	63.495
	<u>2.068.882</u>	<u>2.375.720</u>

7. Skuldunautar og lánadrottnar vegna byggingareikninga

Æðsta stjórn ríkisins	1.301.260	8.928.454
Forsætisráðuneyti	2.293.369	730.170
Menntamálaráðuneyti	24.882.167	30.701.681
Utanríkisráðuneyti	1.633.496	11.083.268
Dómsmálaráðuneyti.....	(3.731.351)	(6.739.136)
Félagsmálaráðuneyti.....	(8.420.993)	14.612.259
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.....	(228.282.829)	(206.421.912)
Fjármálaráðuneyti.....	(5.442.005)	(8.527.532)
Samgönguráðuneyti.....	0	(342.268)
Iðnaðarráðuneyti.....	(166.218)	(2.080.771)
Viðskiptaráðuneyti.....	88.950	208.393
Umhverfissráðuneyti.....	0	7.000
Aðrar A hluta stofnanir.....	4.296.348	8.670.972
Sveitarfélög v/heilbrigðisframkvæmda	39.423.630	974.867
Sveitarfélög v/snjóflóðavarna	(266.482)	442.734
	<u>(172.390.658)</u>	<u>(147.751.821)</u>
Skuldunautar	73.919.220	76.359.798
Lánadrottnar	(246.309.878)	(224.111.619)
	<u>(172.390.658)</u>	<u>(147.751.821)</u>

Skýringar með ársreikningi

8. Ríkissjóður

Viðskiptareikningur þessi sýnir mismun á framlögum ríkissjóðs til stofnunarinnar og greiðslna til hennar. Greiðslustaða Framkvæmdasýslunnar gagnvart ríkissjóði er neikvæð um 1,1 millj. kr. í árslok, en hefur batnað um 1,1 millj. kr. milli ára.

Staða 1. janúar	(2.165.885)
Ríkisframlag.....	2.700.000
Greiðslur úr ríkissjóði.....	(1.583.617)
Staða 31. desember 2006	<u>(1.049.502)</u>

9. Eigið fé

Höfuðstóll sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur gagnvart fjárlögum og fjárheimildum í lok uppgjörársins. Í lok ársins nemur ónotuð fjárheimild ríflega 14,2 millj. kr. og hefur lækkað um 1,3 millj. kr. frá fyrra ári eða sem nemur tekjuafgangi ársins að teknu tilliti til framlags ríkissjóðs.

Höfuðstóll í ársbyrjun	15.504.158
Ríkisframlag.....	2.700.000
Tekjuafgangur.....	(3.968.808)
Höfustóll 31. desember 2006	<u>14.235.350</u>

10. Lánadrottnar

Lánadrottnar sundurliðast á eftirfarandi hátt:	2006	2005
Byggingareikningar, sjá skýringu 7.....	246.309.878	224.111.619
Skuldir við birgja.....	87.468.086	162.888.722
Ógreiddur kostnaður.....	350.000	2.210.000
	<u>334.127.964</u>	<u>389.210.341</u>

11. Skuldbindingar

Gerðir hafa verið samningar við fyrirtæki í tölvuþjónustu um rekstur og hýsingu tölvukerfa, bókhaldskerfis, starfsmannakerfis og hópvinnu- og skjalavistunarkerfa. Þá er ein bifreið á reikstrarleigusamningi og litaprentari á reikstrarþjónustusamningi.

Skýringar með ársreikningi

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs

	2006	2005	2004	2003	2002
Rekstur					
Rekstrartekjur.....	112.891	119.019	113.048	108.418	115.132
Rekstrargjöld.....	(114.790)	(113.439)	(122.498)	(110.847)	(116.345)
Eignakaup.....	(2.069)	(2.376)	(2.621)	(2.965)	(3.107)
Halli fyrir ríkisframlag	(3.969)	3.204	(12.071)	(5.394)	(4.320)
Ríkisframlag	2.700	2.700	2.700	2.700	2.700
Tekjuafgangur ársins	<u>(1.269)</u>	<u>5.904</u>	<u>(9.371)</u>	<u>(2.694)</u>	<u>(1.620)</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir.....	349.413	406.880	312.694	308.724	261.653
Eignir alls	<u>349.413</u>	<u>406.880</u>	<u>312.694</u>	<u>308.724</u>	<u>261.653</u>
Höfuðstóll	14.235	15.504	9.601	18.972	21.665
Skammtímaskuldir	335.177	391.376	303.093	289.753	239.988
Eigið fé og skuldir alls	<u>349.413</u>	<u>406.880</u>	<u>312.694</u>	<u>308.725</u>	<u>261.653</u>